
1989 nr. 87 31. maí

Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

■ 1.–74. gr. ...

XIV. kafli. Um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

■ **75. gr.** Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

□ Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

□ Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992

lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

□ Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

□ Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.¹⁾

¹⁾ Rg. 492/1990.

XV. kafli. Gildistaka.

■ **76. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

□ Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.